

LÖG**um breyting á lögum nr. 59/1983, um heilbrigðisþjónustu.****FORSETI ÍSLANDS**

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Aftan við 1. málslíð ákvæða til bráðabirgða komi nýr málslíður sem orðist svo:
Í Reykjavíkurlæknishéraði og heilsugæsluumdæmum í Kópavogi, Garðabæ og Hafnarfirði skal frestur þessi standa til ársloka 1985.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 19. desember 1984.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Matthías Bjarnason.

LÖG**um breyting á lögum nr. 81 23. júlí 1974, um Verðlagsráð sjávarútvegsins.****FORSETI ÍSLANDS**

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við lögin bætist ákvæði til bráðabirgða er orðist svo:

Ákvæði til bráðabirgða.

Verðlagsráð sjávarútvegsins skal ákveða nýtt lágmarksverð á öllum sjávaraflla er gildi fyrir tímabilið 21. nóvember 1984 til 31. ágúst 1985, með heimild til uppsagnar á verðtímabilinu, þó ekki fyrr en frá 1. júní 1985 varðandi almennt fiskverð.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 21. desember 1984.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Halldór Ásgrímsson.